

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/2/EB

frá 4. janúar 2001

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 1999/36/EB um færanlegan þrýstibúnað

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl
1999 um færanlegan þrýstibúnað ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/36/EB er mælt fyrir um að nýir geymar og nýir tankar skuli uppfylla viðkomandi ákvæði tilskipunar ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/61/EB ⁽³⁾, og einnig að þeir skuli uppfylla viðkomandi ákvæði tilskipunar ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB ⁽⁵⁾.
- 2) Ákvæði Evrópusamningsins um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (hér á eftir nefndur ADR) og reglnanna um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (hér á eftir nefndar RID)⁽⁶⁾, með áorðnum breytingum, fylgja með sem viðauki við tilskipun 94/55/EB og tilskipun 96/49/EB. Nýjar útgáfur af ADR og RID taka gildi 1. júlí 2001.
- 3) Í V. viðauka við tilskipun 1999/36/EB er mælt fyrir um það hvaða aðferðareiningum skuli farið eftir við samræmistat á nýjum geymum og nýjum tönkum. Þessi ákvæði samræmast ekki lengur nýjum útgáfum af ADR og RID. Þar af leiðandi ber að breyta þessum viðauka.
- 4) Allar nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana við tilskipun 1999/36/EB ber að samþykkja á grundvelli 14. gr. tilskipunarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. hennar.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 15. gr. tilskipunar 1999/36/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun kemur í stað viðaukans við tilskipun 1999/36/EB.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 40.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44.

⁽⁶⁾ Reglur, eins og þær eru settar fram í I. viðauka við viðbæti B við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF).

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

AÐFERÐAREININGAR TIL AÐ FARA EFTIR VIÐ SAMRÆMISMAT

Í töflunni hér á eftir kemur fram hvaða aðferðareiningum, af þeim sem lýst er í I. hluta IV. viðauka, á að fara eftir þegar um er að ræða færanlega þrýstibúnaðinn sem er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr.

Flokkar færanlegs þrýstibúnaðar	Aðferðareiningar
1. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer ekki yfir 30 MPa x lítri (300 bör x lítri),	A1, eða D1 eða E1
2. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer yfir 30 en ekki yfir 150 MPa x lítri (300 og 1 500 bör x lítri, í þeirri röð),	H, eða B ásamt E, eða B ásamt C1 eða B1 ásamt F, eða B1 ásamt D
3. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer yfir 150 MPa x lítri (1 500 bör x lítri) og tankar.	G eða H1, eða B ásamt D, eða B ásamt F

Athugasemd 1. Færanlegur þrýstibúnaður skal, að vali framleiðandans, fara í samræmismat með einhverri af þeim aðferðum sem mælt er fyrir um fyrir þann flokk búnaðar sem um er að ræða. Þegar um er að ræða geyma eða loka eða annan aukabúnað með þeim sem er notaður í flutningum getur framleiðandinn einnig kosið að beita einhverri af þeim aðferðum sem eru ætlaðar fyrir búnað sem er ofar í flokkunarröðinni.

Athugasemd 2. Tilkynntur aðili, sem fer í vitjanir fyrirvaralaust, skal, innan ramma aðferðar við gæðatryggingu, taka sýnishorn af búnaðinum á framleiðslu- eða geymslustað til að framkvæma eða láta framkvæma athugun í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Í því skyni skal framleiðandinn upplýsa tilkynnta aðilann um framleiðsluáætlun sína. Tilkynnti aðilinn skal fara í að minnsta kosti tvær vitjanir á fyrsta framleiðsluárinu. Hann skal ákveða tíðni frekari vitjana á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í lið 4.4 í viðkomandi aðferðareiningu í I. hluta IV. viðauka.“